

Facade útigrunnur

Flügger Facade vörulínan er hönnuð til notkunar á mún- og steinfleti, utanhúss. Myndar veðurþolið yfirborð og tryggir hámarksendingu.

Vörulýsing

Litlaus grunnur fyrir mún og steypta fleti. Skilar virkum grunni og góðu yfirborði á fleti sem eru kalkaðir eða gljúpir.



- Grunnur á mún og steypta fleti
- Eykur viðloðun
- Litlaus

Notkunarmöguleikar

Grunnur sem hentar sem binding fyrir ómeðhöndlað steinefnayfirborð, t.d. sement, steypu og múnstein, áður en málað er.

Undirlag

Undirlagið þarf að vera hreint, þurr, traust og henta til yfirborðsmeðhöndlunar.

Gætið þess að flöturinn sé þurr, ekki kalkaður og laus við gróðurmyndun.

Nýtt, ómeðhöndlað steinefnayfirborð þarf alla jafna að fá að herða sig í að minnsta kosti 4 vikur áður en meðhöndlun hefst. EKKI má meðhöndla þunnpússaða múnsteina fyrr en í fyrsta lagi eftir tvö ár.

Gætið að því að á yfirborðinu séu ekki neinar útfellingar vegna salts eða annarra vatnsleysanlegra efna.

Einnig skal gæta að því að enginn raki sé í steypunni áður en meðhöndlun hefst. Rakinn leitast við að finna leið út, ekki síst í sprungum og / eða á plötusamskeytum.

Meðhöndlun

Útfellingar og flagnandi, eldri málningu skal fjarlægja með hreinsun áður en málað er.

Óhreinindi, fitu og ryk ætti að fjarlægja með Fluren 37. Gróðurmyndun, myglu og mygluvöxt ætti að fjarlægja með Facade Anti-Green. Fyllið stærri sprungur með viðeigandi múnviðgerðarefni.

Notkun

Pensill eða rúlla.

Berið á eins mikið efni og þarf til að metta flötinn.

Þegar steinninn er hættur að taka við efni skal gæta þess að draga vel úr því efni sem flöturinn skilar svo ekki myndist filma á yfirborðinu. Notist óþynnt. Berið blautt á blautt á jafnan hátt, ljúkið með því að nota pensil í sömu átt.

Kuldi/hiti getur haft áhrif á seigju efnisins.

Hindra þarf rakaþéttingu við þurrkun/hörðun.

Forðast skal að vinna í beinu sólarljósi og á mjög heitum flötum.

Kuldi og aukið rakastig lengir þurrktíma, tefur fulla verkun og lengir tíma á milli yfirmálunar.

Mikill hiti og lítill loftraki draga úr þurrktíma og leiða til þess að efnið tekur sig ekki jafnmikið.

Ávallt skal framkvæma prófunarmeðhöndlun til að athuga og samþykkja niðurstöðu.

Væntanleg útkoma

Skilar jöfnu, gegnsæu yfirborði.

Mála skal yfir með utanhússmálningu úr Facade kerfinu.

Ef grunnurinn er láttinn standa einn og sér, óvarinn fyrir raka og sólarljósi skerðast eiginleikar hans.

ábendingar

Mikilvægt er að efnið sé borið á í réttri lagþykkt. Metta skal yfirborðið en það má ekki þorna með gljáandi áferð og mynda filmu.

Athugið!

Verjið nýlega málað yfirborð gegn óhagstæðu veðri.

Gerið viðeigandi ráðstafanir til að verjast áhrifum raka og rigningar á nýlega málað yfirborð.

Yfirborðið nær hámarksstyrk þegar það er fullharðnað.

Mikilvægt er að bera á í viðeigandi magni til að efnið metti flötinn vel án þess að hann verði glansandi eftir þurrkun.

Umhverfisupplýsingar

Fjarlægið sem mesta málningu af verkfærunum og þrífið þau svo með vatni. Hellid ekki leifum af fljótandi málningu í niður föll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframmálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

Geymsla: Á svöldum, frostlausum stað og vel lokað

Öryggisbúnaður: Penslun/rúllun: Hlíðargleraugu og hanskar. Pússun: Búnaður til verndar öndunarfærum.

Viðbótar upplýsingar

Skráð i gagnagrunn fyrir vistvænar byggingarvörur á Norðurlöndunum (Nordic Ecolabelling Building Products Database), sem er skrá yfir vörur sem er heimilt að nota við Svansmerkt byggingarverkefni.

Tæknilegar upplýsingar

Vara	Grunnmálning
Eðlisþyngd (kg/l)	1.00
Þurrefnisinnihald vigt %	13
Efnisnotkun (m ² /ltr.)	5
Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun	Min. +2°C
Loftraki	Hám. loftraki 80% RH.
Þurktími við 20°C, 60% RH (Timar)	1
Fullharðnað Þurktími við 20°C, 60% RF	3
þynning	Ekki má þynna efnið
Þrif á verkfærum o.s.frv.	Vatn

Núverandi TDS útgáfa

júní 2021

Í staðinn fyrir TDS útgáfu

júní 2021